

2023

Mánudaginn 15. nóvember 1993.

Nr. 457/1993. **Lögreglustjórinn í Reykjavík**

gegn

Ólafi Gunnarssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 8. nóvember 1993, sem barst Hæstarétti 9. sama mánaðar. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að gæsluvarðhaldinu verði markaður skemmri tími en í hinum kærða úrskurði.

Sóknaraðili krefst þess, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi til mánudagsins 6. desember 1993. Til vara er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 5. nóvember 1993.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess, að Ólafur Gunnarsson, kt. 200455-3049, með lögheimili að Suðurhólum 24 í Reykjavík, en dvalarstað að Flétturima 11 í Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 6. desember nk. kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 16/1986 um ávana- og fíkniefni og gegn 173. gr. a alm. hgl. nr. 19/1940.

Af framansögðu þykir rökstuddur grunur vera um, að kærði hafi skipulagt og fjármagnað innflutning á miklu magni af fíkniefnum. Brot þetta getur varðað kærða fangelsisrefsingu lögum samkvæmt. Rannsókn máls þessa er ólokið.

[...].

Þar sem hætta þykir á, að kærði muni torvela rannsókn málsins, fari hann frjáls ferða sinna, svo sem með því að afmá merki eftir brot eða hafa áhrif á vitni eða samseka, þykir verða að taka til greina kröfu lögreglustjórans í Reykjavík um áframhaldandi gæsluvarðhald á hendur kærða með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. 1. nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Þó þykir nægilegt, að kærði sæti gæsluvarðhaldi til mánudagsins 29. nóvember nk. kl. 16.00. Ekki er fallist á, að 2. mgr. 103. gr. 1. nr. 19/1991 eigi við í máli þessu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Ólafur Gunnarsson, sæti gæsluvarðhaldi áfram allt til kl. 16.00 mánudaginn 29. nóvember 1993.
